



## SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Miðvikudagur, 5. október, 2008

Ákvörðun nr. 53/2008

### **Ósk A-stöðvarinnar, leigubifreiðastöðvar, um undanþágu frá bannákvæðum samkeppnislaga til að gefa út sameiginlegan ökutaxta fyrir leigubifreiðar sem aka á vegum stöðvarinnar.**

#### **I Erindið**

##### **1.**

Samkeppniseftirlitinu barst bréf, dags. 20. ágúst 2008, þar sem leigubifreiðastöðin A-stöðin (hér eftir A-stöðin) óskar eftir undanþágu til að gefa út sameiginlegan ökutaxta fyrir leigubifreiðastjóra stöðvarinnar. Undanþágunnar er óskað á grundvelli 15. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 sbr. bannákvæði í 10. og 12. gr. sömu laga. Samkeppniseftirlitið svaraði bréfi A-stöðvarinnar með bréfi, dags. 10. sept. 2008, og óskaði eftir ýmsum nánari upplýsingum frá A-stöðinni um rekstur stöðvarinnar og aðstæður á markaði. Með bréfi A-stöðvarinnar, dags. 26. sept. 2008, var Samkeppniseftirlitinu gerð nánari grein fyrir markaðsaðstæðum A-stöðvarinnar. A-stöðin, sem áður hét Aðalstöðin, hefur áður fengið sambærilega undanþágu og hér um ræðir með ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 49/2007.

##### **2.**

Forsaga málsins er sú að um langa hríð tóku leigubifreiðastjórar í landinu gjald fyrir akstur í samræmi við gildandi hámarksökutaxta. Hámarksökutaxti leigubifreiða var gefinn út af Bandalagi Íslenskra leigubifreiðastjóra (BÍLS), að undangengnu samþykki verðlags- og síðar samkeppnisyrivalda á verðbreytingum.

Ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 4/2006 *Afnám á hámarkstöxtum leigubifreiða sem Bandalag Íslenskra leigubifreiðastjóra gefur út*, sem birt var 7. febrúar 2006, kvað á um að frá og með 1. maí 2006 skyldi falla úr gildi hámarksökutaxti fyrir leigubifreiðar sem gefinn hafði verið út af BÍLS. Áfrýjunarnefnd samkeppnismála staðfesti ákvörðun Samkeppniseftirlitsins með úrskurði sínum nr. 2/2006. Áréttað var í ákvörðuninni að eftir gildistöku hennar yrði fyrirtækjum sem rækju leigubifreiðar, þ.e. hverjum þeim sem ætti og ræki leigubifreið, hvort heldur sem væri frá leigubifreiðastöð eða á annan hátt, leigubifreiðastöðvum og samtökum leigubifreiðastjóra óheimilt að hafa með sér hvers konar samstarf eða samskipti um ökutaxta og önnur verðlagsmál eða annað sem færi gegn 10. og 12. gr. samkeppnislaga.

Þann 30. júní 2006 birti Samkeppniseftirlitið ákvörðun nr. 23/2006 þar sem fallist var á ósk leigubifreiðastöðvarinnar Hreyfils um að gefa út hámarkstaxta fyrir leigubifreiðastjóra á stöðinni. Í framhaldi af þessu birti Samkeppniseftirlitið þrjár



aðrar ákvarðanir á árinu 2006 þar sem Bifreiðastöð Reykjavíkur, Aðalbílum og Bifreiðastöð Hafnarfjarðar var veitt samskonar undanþága með sömu skilyrðum og sama gildistíma. Á árinu 2007 veitti Samkeppniseftirlitið Bifreiðastöð Hreyfils, Bifreiðastöð Reykjavíkur og Aðalstöðinni (sem nú heitir A-stöðin) einnig samskonar undanþágu.

Í þessum ákvörðunum um veitingu undanþágu voru sett fram skilyrði um að ákvörðun um hámarksökutaxta væri tekin af sérstöku hagsmunafélagi leigubifreiðastjóra á hverri leigubifreiðastöð, en tilgangur þess er að tryggja að ákvarðanir um taxta séu teknar af hagsmunafélagi leigubifreiðastjóra, sem sé óháð leigubifreiðastöðinni sem gefur taxtana út. Þá voru sett fram skilyrði sem lúta að því að hámarksökutaxtinn sé gerður sýnilegur farþegum leigubifreiðanna. Undanþágur þessar hafa verið veittar tímabundið og tekið fram að þegar eftirlitið tæki afstöðu til þess aftur, hvort rétt væri að veita slíka undanþágu, myndu sett skilyrði fyrir undanþágunum og hugsanlega önnur skilyrði koma til skoðunar.

Þá tók Samkeppniseftirlitið ákvörðun nr. 10/2007, þar sem eftirlitið hafnaði undanþágubeiðni Bifreiðastöðvar Oddeyrar, sem starfar á Akureyri og er eina leigubifreiðastöðin á því takmörkunarsvæði. Áfrýjunarnefnd samkeppnismála staðfesti þessa ákvörðun Samkeppniseftirlitsins með úrskurði sínum nr. 3/2007.

## **II Niðurstöður**

### **1.**

Að mati Samkeppniseftirlitsins eru þjónustumarkaðir þessa máls tveir, sbr. ákvarðanir nr. 29/2006 og 49/2007. Annars vegar er markaður fyrir þjónustu við leigubifreiðastjóra, þ.e. markaður leigubifreiðastöðva. Hins vegar er markaður fyrir þjónustu við neytendur, þ.e. markaður leigubifreiða/leigubifreiðastjóra.

#### *Leigubifreiðastöðvar*

A-stöðin starfar á takmörkunarsvæði sem nær yfir höfuðborgarsvæðið og Suðurnesin. Landfræðilegi markaðurinn afmarkast af þessu sama svæði, sbr. reglugerð nr. 397/2003 og fyrrgreindar ákvarðanir Samkeppniseftirlitsins. Á þessu takmörkunarsvæði hafa nú fimm leigubifreiðastöðvar leyfi til reksturs. Þær eru Bifreiðastöðin Hreyfill, Bifreiðastöð Reykjavíkur, Borgarbílastöðin, A – stöðin ehf. og Aðalbílar – BSH – NL ehf.

Upplýsingar frá Vegagerðinni gefa til kynna að markaðshlutdeild A-stöðvarinnar sé um 5-10% ef miðað er við fjölda leigubifreiða sem bifreiðastöðin þjónustar.

#### *Leigubifreiðar/leigubifreiðastjórar*

Leigubifreiðastjórar sem kaupa aðstöðu og þjónustu hjá A-stöðinni starfa á hinum landfræðilega markaði þessa máls. Á svæðinu geta allt að 560 atvinnubifreiðastjórar starfað á hverjum tíma, skv. ákvæðum reglugerðar nr. 397/2003 með síðari tíma breytingum um leigubifreiðar.

### **2.**

Í 10 gr. samkeppnislaga kemur fram að allir samningar og samþykktir milli fyrirtækja, hvort sem þær eru bindandi eða leiðbeinandi, og samstilltar aðgerðir



sem hafa að markmiði eða af þeim leiðir að komið sé í veg fyrir samkeppni séu bannaðar. Í 12 gr. samkeppnislaga kemur fram að samtökum fyrirtækja sé óheimilt að ákveða samkeppnishömlur eða hvetja til hindrana sem bannaðar séu samkvæmt lögum.

Í 15. gr. samkeppnislaga er kveðið á um heimildir Samkeppniseftirlitsins til þess að veita undanþágur frá bannákvæðum 10. og 12. gr.

Til þess að unnt sé að veita undanþágu á grundvelli 15. gr. þarf að uppfylla öll skilyrði ákvæðisins.

### 3.

Í máli þessu fer A-stöðin fram á heimild til að hafa samræmdan ökutaxta fyrir bifreiðastjóra sem aka frá leigubifreiðastöðinni.

Í ákvörðunum nr. 29/2006 og 49/2007 er fjallað um aðstæður á þeim mörkuðum sem mál þetta tekur til. Eru aðstæðurnar þær sömu nú og vísast til umfjöllunar í ofangreindum ákvörðunum. Hafa ber í huga að á því svæði sem A-stöðin starfar eru fimm leigubifreiðastöðvar og því grundvöllur fyrir verðsamkeppni. Hafa undanþágur eins og sú, sem A-stöðin óskar nú eftir, verið í gildi á þessu takmörkunarsvæði í um tveggja ára skeið. Á þeim tíma hefur Samkeppniseftirlitið fylgst með markaðnum og aflað upplýsinga í því skyni að meta að nýju samkeppnisstöðu á markaðnum og forsendur þeirra undanþágna sem veittar voru tímabundið. Fær Samkeppniseftirlitið ekki séð að orðið hafi vart við hnökra sem rekja megi til þeirra sérstaklega. Hafa taxtar leigubifreiðastöðvanna breyst á tímabilinu og hefur t.a.m. komið í ljós að stöðvarnar leggja ólíkar áherslur í verðlagningu sinni.

Nauðsynlegt er að hafa í huga í þessu sambandi að Samkeppniseftirlitið telur, að úr ýmsu þurfi að bæta til þess að virk samkeppni fái þrífist á markaði sem leigubifreiðar og leigubifreiðastöðvar starfa á. Að mati stofnunarinnar má rekja helstu ástæður þess að samkeppni fái ekki þrífist sem skyldi til laga og annars regluverks sem gildir um leigubifreiðaakstur hér á landi, sbr. álit stofnunarinnar nr. 2/2007 um samkeppnishömlur á markaði fyrir leigubifreiðar sem leiða af ákvæðum laga og reglna um leigubifreiðar.

Með hliðsjón af umfjöllun hér að framan telur Samkeppniseftirlitið rétt að veita áframhaldandi tímabundna undanþágu í máli þessu, á grundvelli 15. gr. samkeppnislaga.

### 4.

Telur Samkeppniseftirlitið rétt að veita A-stöðinni heimild, með neðangreindum skilyrðum, til að gefa út og birta hámarksökutaxta fyrir bifreiðastjóra sem reka leigubifreiðar frá A-stöðinni til 1. janúar 2010.

Skilyrði fyrir heimild þessari eru eftirfarandi:

- 1) Að ákvörðun um hámarksökutaxta fyrir leigubifreiðastjóra á A-stöðinni sé tekin af hagsmunafélagi leigubifreiðastjóra á A-stöðinni.
- 2) Að hámarksökutaxti sá sem ákveðinn verður af hagsmunafélaginu verði prentaður með stóru og auðlæsilegu letri á spjald. Á spjaldið skal einnig fest auðkenni leigubifreiðastöðvarinnar A-stöðvarinnar. Spjald þetta skal vera plastað þannig að allar upplýsingar sem á því standa séu undir



plastinu. Spjaldið skal vera tryggilega fest á áberandi stað í leigubifreiðinni þannig að það blasi við farþegum hennar.

Fyrra skilyrðið hefur þann tilgang að tryggja það að ákvarðanir um hámarksökutaxta séu teknar af hagsmunafélagi þeirra leigubifreiðastjóra sem taxtinn gildir fyrir, þ.e. ökumanna á A-stöðinni. Þetta hagsmunafélag þarf að vera alveg óháð A-stöðinni, leigubifreiðastöð. Hagsmunafélag þetta má jafnframt ekki hafa sem féлага aðra leigubifreiðastjóra en þá sem reka bifreiðar með afgreiðslu hjá A-stöðinni, til þess að koma í veg fyrir að hagsmunafélagið verði hugsanlega vettvangur fyrir samráð milli leigubílstjóra hjá öðrum stöðvum.

Síðara skilyrðið hefur þann tilgang að tryggja það, gagnvart farþegum, að sá taxti sem ekið er samkvæmt sé að hámarki hinn samræmði taxti A-stöðvarinnar sem nýtur undanþáguheimildar Samkeppniseftirlitsins.

Samkeppniseftirlitið telur rétt að benda á að berist eftirlitinu síðar ósk frá A-stöðinni um að undanþága þessi verði framlengd enn frekar munu ofangreind skilyrði og hugsanlega önnur skilyrði koma til skoðunar.

#### **Ákvörðunarorð:**

**„Með heimild í 15. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 veitir Samkeppniseftirlitið A-stöðinni, leigubifreiðastöð, áframhaldandi heimild til útgáfu á hámarksökutöxtum fyrir bifreiðastjóra sem reka leigubifreiðar frá A-stöðinni. Heimildin sem veitt er til 1. janúar 2010 er bundin eftirfarandi skilyrðum:**

- 1. Ákvörðun um hámarksökutaxta fyrir leigubifreiðastjóra á A-stöðinni skal tekin af hagsmunafélagi leigubifreiðastjóra á A-stöðinni.**
- 2. Hámarksökutaxti sá sem ákveðinn verður af hagsmunafélaginu skal prentaður með stóru og auðlæsilegu lettri á spjald. Á spjaldið skal einnig fest auðkenni leigubifreiðastöðvarinnar A-stöðvarinnar. Spjald þetta skal vera plastað þannig að allar upplýsingar sem á því standa séu undir plastinu. Spjaldið skal vera tryggilega fest á áberandi stað í leigubifreiðinni þannig að það blasi við farþegum hennar.**

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson